

# Undirbúningur fyrir TS rannsókn af ristli.

Röntgen Orkuhúsið  
Urðarhvarf 8, 203 Kópavogur  
Sími 5200170

Dagsetning rannsóknar: \_\_\_\_\_ kl: \_\_\_\_\_

## Leiðbeiningar:

Picoprep úthreinsiefni færðu án lyfseðils í apóteki.

Á röntgendeild Orkuhússins færðu eina 100ml af flösku Visipaque skuggaefni. Þú þarft að sækja þessi lyf nokkrum dögum fyrir rannsókn og færð þá nánari upplýsingar um undirbúning.

Sjálf úthreinsunin tekur 3 daga.

Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningunum vel til að koma í veg fyrir að endurtaka þurfi úthreinsun. Því betri úthreinsun, því betri rannsókn.

## Vikan fyrir rannsókn:

Forðist trefjar, gróf fræ, kiwi og annað grófmeti viku fyrir rannsókn. Notirðu járntöflur þarftu að gera hlé á töku þeirra í viku fyrir rannsókn.

## Tveimur dögum fyrir rannsókn:

Tært fljótandi fæði. (Sjá lista á næstu síðu) Mikilvægt er að drekka mikinn vökva sem inniheldur sykur og sölt, ekki eingöngu vatn. Drekkið amk 2 L yfir daginn. Þú mátt taka nauðsynleg lyf.

## Daginn fyrir rannsókn:

Tært fljótandi fæði. Mikilvægt er að drekka mikinn vökva, minnst 2 lítra yfir daginn.

Kl 13 Blandið skuggaefninu, Visipaque 100 ml í 1 líter af vatni eða í djús. Drekkið í jöfnum skömmtum fram að svefni. Geymið í kæli og hristið eða hrærið vel í áður en drukkið.

Kl 18 Blandið Picoprep úthreinsiefnið. Þetta lyf tæmir ristilinn. Blandið duftinu í 250 ml af köldu vatni og hrærið vel í ca 2-3 mínútur. Þegar ekki freyðir lengur er blandan tilbúin. Drekkið helst innan 15 mínútna.

Að lokinni Picoprep drykkju er mikilvægt að hreyfa sig, ganga um til að losna við sem mest af þeim vökva sem þú hefur drukkið.

## Rannsóknardagur:

Kl 7:00 Blanda Picoprep á sama hátt og áður og drukkið.

Þú mátt taka nauðsynleg lyf en þarft að vera fastandi í 5 klukkustundir eða fram að rannsókn. Ef rannsókn er kl 13:00 þarf að vera fastandi frá kl 08:00.

Dæmi um tært fljótandi fæði:

ATH. ENGAR MJÓLKURVÖRUR

Tært fitulítið soð, t.d. soð af teningum.

Síðar tærar grænmetissúpur.

Síðar ávaxta- og saftsúpur.

Hafraseyði eða hrísgrjónaseyði.

Ávaxtahlaup (jelló).

Tærir ávaxtasafar (án aldinkjöts)

Frosnir ávaxtasafar (frostpinnar án súkkulaðis).

Gosdrykkir , ekki sykurlausir því líkaminn þarf á orku að halda.

Orkudrykkir, ekki mjólkurlagaða, t.d. Gatorade, Powerade, Aquarius.

Te og kaffi, gjarnan með sykri eða hunangi en ekki með mjólk.

Það má vera með tyggjó, einnig sjúga opal eða brjóstsýkur.

Pilsner, malt.

Góð ráð:

Mikilvægt er að vera á hreyfingu eftir að úthreinsunarvökvinn hefur verið drukkinn.

Til að fyrirbyggja óþægindi við endaparm er gott að nota mýkjandi krem eða vatnsfráhrindandi krem, s.s. AD krem, vaselín eða Bepanthen krem áður en úthreinsunarvökvinn er drukkinn.

Ef þú þarft frekari upplýsingar, hafðu þá samband við starfsfólk í síma 5200170 alla virka daga milli kl. 8 -16.